

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Dalvíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. nóvember 2003 fyrir orkuveitusvæði Hitaveitu Dalvíkur. Öll verð í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts.

2. gr.

Gjöld fyrir afnot af hitaveituvatninu eru sem hér segir:

a) Orkugjald skv. vatnsmæli, Dalvík	kr. 40,56 pr.m ³
b) Orkugjald skv. vatnsmæli, Árskógsströnd	kr. 60,00 pr.m ³
c) Orkugjald skv. vatnsmæli, sundlaugar	kr. 16,22 pr.m ³
d) Mælagjald	kr. 14,57 pr. dag
e) Lokunargjald	kr. 2.786,00

Þeim viðskiptavinum Hitaveitu Dalvíkur sem nota meira en 25.000 m³ á ári er veittur 30% afsláttur af gjaldskrá af því magni sem umfram er 25.000 m³ á hvern mæli á Dalvík. Vegna herra hitastigs á heita vatninu á Árskógsströnd er sambærilegt magn þar 17.000 m³.

3. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m ³ að utanmáli og heimæð allt að 50 m	kr. 141.693
og á m ³ þar yfir	kr. 178,30
og á m fram yfir 50 m	kr. 3.090

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins. Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki.

Heimæðagjald hitaveitu fyrir útihús tengd landbúnaði skal vera með eftirfarandi hætti:

Mjólkurhús/fjós greiðir lágmarksgjald	kr. 141.693
---------------------------------------	-------------

Fyrir hesthús að 700 m³ skal greiða lágmarksgjald. Aðilum er heimilt að sameinast um inntak.

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi er vísað til 19. gr., reglugerðar fyrir Hitaveitu Dalvíkur. Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lágmarks heimæðagjaldi hitaveitunnar.

4. gr.

Heimæðgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. september 2003, 285,9 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta heimæðgjöldum þessum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

5. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem van-skilunum veldur, hverju sinni kr. 2.786.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. nóvember 2003 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Hitaveitu Dalvíkur nr. 900, 18. desember 2002.

Iðnaðarráðuneytinu, 15. október 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.